



**ORKUSTOFNUN**

**Auðlindadeild**

# **Skjálfandafljót**

## **Rennslislíkan**

**Verkfræðistofan Vatnaskil sf.**



**Unnið fyrir Orkustofnun vegna  
Rammaáætlunar um nýtingu  
vatnsafis og jarðvarma**

**2001**

**OS-2001/029**



**ORKUSTOFNUN**  
**Auðlindadeild**

Verknr. 3-760673

**Verkfræðistofan Vatnaskil sf.**

**Skjálfafljót**

**Rennslislíkan**

**OS-2001/029**

**Apríl 2001**

Orkustofnun – Auðlindadeild

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík – sími 569 6000 – Fax 568 8896  
Netfang: [os@os.is](mailto:os@os.is) – Veffang: <http://www.os.is>



<b>Skýrsla nr:</b> OS-2001/029	<b>Dags:</b> Apríl 2001	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> Skjálfafljót Rennslislíkan	<b>Upplag:</b> 25	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 123	
<b>Höfundar:</b> Verkfræðistofan Vatnaskil sf.	<b>Verkefnisstjóri:</b> Hákon Aðalsteinsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Vatnafræði, rennslislíkan	<b>Verknúmer:</b> 3-760673	
<b>Unnið fyrir:</b> Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma		
<b>Samvinnuaðilar:</b>		
<b>Útdráttur:</b> Vatnasvið Skjálfafljóts og Jökulsár á Fjöllum liggja saman í Ódáðahrauni og eru þar engin glögg vatnaskil á yfirborði. Líkan af rennsli Skjálfafljóts var því upphaflega gert á árunum 1992-93 sem hluti af rennslislíkani fyrir Jökulsá á Fjöllum. Fyrir endurskoðun líkansins voru öll rennslisgögn yfirfarin og afrennslinu dreift þannig að þau féllu að mælingum við vatnshæðarmæla sem hafa verið reknir í fljótinu um áratuga skeið, við Aldeyjarfoss (nr. 238) og Godafoss (nr. 50) auk mælis í Svartá (nr. 116). Eftir það voru líkönin aðlöguð átta safn- og veitusvæðum vegna forathugunar á virkjunum í fljótinu. Rennslislíkönin spanna árin 1950-1994, sem er staðlað tímabil vegna mats á orkugetu vatnsaflsvirkjana. Verkið er unnið fyrir Orkustofnun vegna Rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.		
<b>Lykilorð:</b> Vatnasvið, rennsli, líkan, Skjálfafljót	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
	<b>Yfirfarið af:</b> KE, HA	

18.04.2001

Hákon Aðalsteinsson  
Auðlindadeild Orkustofnunar  
Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

## Skjálfandafljót

Á árunum 1992 – 1993 hófst vinna við gerð rennislíkans fyrir eitt mesta vatnasvæði landsins. Hér er átt við svæðið frá Vatnajökli í suðri norður í Skjálfanda og Axarfjörð, og frá Skjálfandafljóti í vestri að Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal í austri. Alls er þetta vatnasvið tæplega 20% af flatarmáli Íslands.

Megintilgangurinn með líkangerðinni var að setja upp reiknilíkan sem unnt er að nota við ákvörðun á rennsli til hinna ýmsu virkjanamöguleika, sem eru í skoðun á svæðinu og eins þeirra sem kunna að koma til álita í framtíðinni.

Við uppsetningu líkansins var valið að láta það ná allt til sjávar í Öxarfirði og Skjálfanda, þar sem að enginn vafi er þar með randgildin í líkaninu. Af sömu ástæðu var farið vestur fyrir Skjálfandafljót að yfirborðsvatnaskilum þess og sömuleiðis austur fyrir Jökulsá á Fjöllum að yfirborðsvatnaskilum árinna þar. Á austur og vestur jaðrinum er gert ráð fyrir að yfirborðsvatnaskil og vatnaskil grunnvatns falli saman í gamla berginu. Einnig er gert ráð fyrir að yfirborðsvatnaskil og vatnaskil grunnvatns Jökulsár á Dal falli saman. Meginkosturinn við að láta líkanið taka yfir bæði Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum er, að þá þarf ekki að festa vatnaskil grunnvatns í Ódáðahrauni og á Mývatnsöræfum, en það svæði er einn stærsti grunnvatnsgeymir landsins.

Í tengslum við rammaáætlun um virkjanaframkvæmdir hefur að undanfögnu verið unnið að áframhaldandi þróun líkansins fyrir Skjálfandafljót og þá byggt á þeim grunni sem unninn var á árunum 1992 – 1993. Hér er um að ræða tímaháð líkan af rennsli Skjálfandafljóts, þar sem megináherslan er lögð á svæðið ofan Aldeyjarfoss. Tilgangur verksins er að fá fram rennislisráðir, sem unnt er að nota við forathuganir á mögulegum virkjunum í Skjálfandafljóti.

Meginniðurstöður þessa verks eru átta rennslisraðir til notkunar við virkjanaathuganir á vatnasviði Skjálfandafljótis, einkennistöður þeirra koma fram í eftirfarandi töflu.

Númer	Heiti	Vatnasvið km <sup>2</sup>	Meðalrennsli 1950 - 1993	
			Gl/ári	m <sup>3</sup> /s
R141A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón í Vonarskarði	111	59.1	1.9
R142A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón við Fljótshaga	229	377.0	12.0
R143A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón í Hrauná		92.6	2.9
R144A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón við Syðra Fljótsgil	391	305.1	9.7
R145A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón í Skjálfandafljóti	638	533.2	17.0
R146A	Skjálfandafljót, rammaáætlun Suðurá		642.5	20.4
R147A	Skjálfandafljót, rammaáætlun lón í Íshólsvatni	48	32.2	1.0
R148A	Skjálfandafljót, rammaáætlun Mjóadalsá í Íshólsvatn	301	291.1	9.3

Við þökkum starfsmönnum Orkustofnunar gott samstarf og vonum að ofangreindar upplýsingar komi að gagni og erum að sjálfsögðu reiðubúnir til frekara samstarfs.

Virðingarfyllt,

---

Snorri Páll Kjarran

---

Sigurður Lárus Hólm

## EFNISYFIRLIT

EFNISYFIRLIT .....	4
TÖFLUSKRÁ .....	4
MYNDASKRÁ .....	5
1. INNGANGUR .....	7
2. GÖGN.....	8
2.1 Jarðfræði .....	8
2.1 Veðurgögn .....	9
2.2 Jöklamælingar .....	9
2.3 Rennslismælingar.....	9
3. REIKNILÍKAN .....	13
4. AÐLÖGUN REIKNILÍKANS .....	13
5. NIÐURSTÖÐUR.....	18
HEIMILDASKRÁ .....	19
MYNDIR.....	20
VIÐAUKI I .....	68
VIÐAUKI II.....	75

## TÖFLUSKRÁ

1. Samanburður reikninga við stakar rennslismælingar .....	15
2. Vatnsársrennsli við Aldeyjarfoss .....	16
3. Vatnsársrennsli í Svartá við Ullarfoss.....	17
4. Vatnsársrennsli við Goðafoss.....	17
5. Einkennistölugerð rennslisraða.....	18

## MYNDASKRÁ

1. Líkansvæði .....	21
2. Yfirlitsmynd .....	22
3. Reiknuð úrkomudreifing .....	23
4. Reiknað grunnvatnsstreymi.....	24
5. Reiknað grunnvatnsstreymi umhverfis Skjálfandafljót.....	25
6. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss tímabil 1988 – 1990 .....	26
7. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss tímabil 1991 – 1993 .....	27
8. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss tímabil 1994 – 1996 .....	28
9. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss tímabil 1997 – 1999 .....	29
10. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss, mánaðarrennsli, 1987 – 1999 .....	30
11. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss, mælt og reiknað vatnsársrennsli.....	31
12. Skjálfandafljót, Aldeyjarfoss, meðalrennsli mánaða 1/9 1987 – 31/8 1999 .....	32
13. Svartá, Ullarfoss, tímabil 1965 – 1987.....	33
14. Svartá, Ullarfoss, tímabil 1988 – 1999.....	34
15. Svartá, Ullarfoss, mánaðarrennsli 1965 – 1976 .....	35
16. Svartá, Ullarfoss, mánaðarrennsli 1977 – 1987 .....	36
17. Svartá, Ullarfoss, mánaðarrennsli 1988 – 1999 .....	37
18. Svartá við Ullarfoss, mælt og reiknað vatnsársrennsli og mæld úrkoma í Reykjahlíð .....	38
19. Svartá, Ullarfoss, meðalrennsli mánaða 1/9 1987 – 31/8 1999.....	39
20. Skjálfandafljót, Goðafoss, tímabil 1988 – 1990.....	40
21. Skjálfandafljót, Goðafoss, tímabil 1991 – 1993.....	41
22. Skjálfandafljót, Goðafoss, tímabil 1994 – 1996.....	42
23. Skjálfandafljót, Goðafoss, tímabil 1997 – 1999.....	43
24. Skjálfandafljót, Goðafoss, mánaðarrennsli 1987 – 1999 .....	44
25. Skjálfandafljót við Goðafoss, meðalrennsli mánaða 1/9 1987 – 31/8 1998 .....	45
26. Skjálfandafljót við Goðafoss, mælt og reiknað vatnsársrennsli.....	46
27. Mjóadalsá, tímabil 1969 – 1972.....	47
28. Mjóadalsá, tímabil 1975 – 1976.....	48
29. Mjóadalsá, tímabil 1984 – 1987.....	49
30. Mjóadalsá 1993 .....	50
31. Lónstæði og veituleiðir .....	51
32. R141A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Vonarskarði (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	52
33. R141A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Vonarskarði (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994.....	53
34. R142A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón við Fljótshaga (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	54
35. R142A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Fljótshaga (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994.....	55
36. R143A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Hrauná (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	56
37. R143A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Hrauná (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994.....	57
38. R144A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón við Syðra Fljótsgil (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	58
39. R144A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón við Syðra Fljótsgil (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994 .....	59
40. R145A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Skjálfandafljóti (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	60



41. R145A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Skjálfandafljóti (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994 .....	61
42. R146A, Skjálfandafljót rammaáætlun, Suðurá (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993 .....	62
43. R146A, Skjálfandafljót rammaáætlun, Suðurá (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994.....	63
44. R147A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Íshólsvatni (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	64
45. R147A, Skjálfandafljót rammaáætlun, lón í Íshólsvatni (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994.....	65
46. R148A, Skjálfandafljót rammaáætlun, Mjóadalsá í Íshólsvatn (hlutvatnasvið) vatnsársrennsli 1950 – 1993.....	66
47. R148A, Skjálfandafljót rammaáætlun, Mjóadalsá í Íshólsvatn (hlutvatnasvið) meðalrennsli mánaða 1950 – 1994 .....	67

## 1. INNGANGUR

Á árunum 1992 – 1993 hófst vinna við gerð rennislíkans fyrir eitt mesta vatnasvæði landsins. Hér er átt við svæðið frá Vatnajökli í suðri norður í Skjálfanda og Axarfjörð, og frá Skjálfandafljóti í vestri að Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal í austri. Alls er þetta vatnasvæði tæplega 20% af flatarmáli Íslands.

Megintilgangurinn með líkangerðinni var að setja upp reiknilíkan sem unnt væri að nota við ákvörðun á rennsli til hinna ýmsu virkjanamöguleika, sem eru í skoðun á svæðinu, og eins þeirra sem kunna að koma til álita í framtíðinni.

Allt líkanssvæðið er sýnt á mynd 1. Við uppsetningu líkansins var valið að láta það ná allt til sjávar í Öxarfirði og Skjálfanda, þar sem enginn vafi er þar með randgildin í líkaninu. Af sömu ástæðu var farið vestur fyrir Skjálfandafljót að yfirborðsvatnaskilum þess og sömuleiðis austur fyrir Jökulsá á Fjöllum að yfirborðsvatnaskilum árinna þar. Á austur- og vesturjaðrinum er gert ráð fyrir að yfirborðsvatnaskil og vatnaskil grunnvatns falli saman í gamla berginu. Einnig er gert ráð fyrir að yfirborðsvatnaskil og vatnaskil grunnvatns Jökulsár á Dal falli saman. Meginkosturinn við að láta líkanið taka yfir bæði Skjálfandafljót og Jökulsá á Fjöllum er, að þá þarf ekki að festa vatnaskil grunnvatns í Ódáðahrauni og á Mývatnsöræfum, en það svæði er einn stærsti grunnvatnsgeymir landsins.

Suður úr Öxarfirði austan Jökulsár er eins og áður segir fylgt yfirborðsvatnaskilum eftir Laufskálafjallgarði og Hvannastaðafjallgarði að Haugsvatni, en á þessu svæði eru vatnaskil Jökulsár, Sandár og Hólknár, sem báðar renna í Pistilfjörð. Síðan er haldið áfram til suðurs eftir Dimma- og Möðrudalsfjallgarði, en þar eru vatnaskil Jökulsár á Fjöllum og áa sem renna til Vopnafjarðar. Þaðan liggur austurjaðar líkansvæðisins eftir Þríhyrningsfjallgarði að hluta og síðan eftir yfirborðsvatnaskilum Jökulsár á Dal og Jökulsár í Fljótsdal að Brúarjökli. Á Vatnajökli þ.e. Brúar- og Dyngjujökli er fylgt vatnaskilum eins og þau eru á kortum, sem Raunvísindastofnun Háskólans hefur gert fyrir Landsvirkjun. Þegar kemur niður af Vatnajökli vestanmegin fylgir líkanið vatnaskilum Skjálfandafljóts og Köldukvíslar. Þarna mætir því líkanið jaðri rennislíkansins fyrir Þjórsár-Tungnaásvæðið. Til norðurs er, eins og áður er fram komið, fylgt yfirborðsvatnaskilum Skjálfandafljóts og Efri-Þjórsár annarsvegar og Fnjóskár hinsvegar, svo og yfirborðsvatnaskilum Skjálfandafljóts eftir Kinnarfjöllum til sjávar í Skjálfanda. Af þessari lýsingu sést að jaðar líkansins er alls staðar þétt rönd nema norðurjaðarinn, en þar er eðli málsins samkvæmt föst hæð, þar sem líkanið mætir sjó.

Í fyrsta áfanga líkangerðarinnar var eingöngu um að ræða æstætt grunnvatnslíkan af svæðinu. Niðurstöður þess eru settar fram í skýrslu frá febrúar 1993. (Verkfræðistofan Vatnaskil 1993). Í þeirri skýrslu er í meginatriðum gerð grein fyrir skiptingu grunnvatnsrennslis á milli Skjálfandafljóts, Jökulsár á Fjöllum og Mývatns byggt á þeim mælingum sem þá voru tiltækar. Á þeim tíma sem liðinn er frá því að fyrstu drög líkansins litu dagsins ljós hefur líkanið einkum verið þróað áfram á tveimur hlutum svæðisins. Í fyrsta lagi er það vatnasvæði Jökulsár á Dal ofan Hjarðarhaga, en sá hluti líkansins var þróaður áfram á árunum 1994 – 1995 og gerð grein fyrir í skýrslu frá október 1995 (Verkfræðistofan Vatnaskil 1995). Í öðru lagi var líkanið þróað áfram á árinu 1999 varðandi aðrennsli Mývatns. Það var í tengslum við fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir í Bjarnarflagi. Gerð er grein fyrir þeim niðurstöðum í skýrslu frá desember 1999 (Verkfræðistofan Vatnaskil 1999).

Í tengslum við rammaáætlun um virkjanaframkvæmdir hefur að undanfögnu verið unnið að þróun líkansins fyrir Skjálfandafljót og þá byggt á þeim grunni sem lagður var á árunum 1992 – 1993. Hér er um að ræða tímaháð líkan af rennsli Skjálfandafljóts, þar sem megináherslan er lögð á svæðið ofan Aldeyjarfoss. Tilgangur verksins er að fá fram rennslisráðir, sem unnt er að nota við forathuganir á mögulegum virkjunum í Skjálfandafljóti.

Líkansvæðið á mynd 1 er 17122 km<sup>2</sup> þar af eru 2970 km<sup>2</sup> huldir jökli. Yfirborðsvatnasvið Skjálfandafljóts við Aldeyjarfoss er hér talið vera 1491 km<sup>2</sup> þar af eru 122 km<sup>2</sup> á jöklum. Yfirborðsvatnasviðið milli Aldeyjarfoss og Goðafoss er 680 km<sup>2</sup> þar af er vatnasvið Mjóadalsár ríflega 360 km<sup>2</sup>.

Sá kortagrunnur sem líkanið byggir á eru öll tiltæk kort af svæðinu, en að stofni til eru það endurskoðuð útgáfa af AMS kortunum í mælikvarða 1:50000, svo og eldri útgáfa af þeim kortum. Þá eru notuð kort Orkustofnunar í mælikvarða 1:25000 þar sem þau eru til. Á jöklum eru notuð kort Raunvísindastofnunar eins og þau voru uppúr 1990 þegar líkanið var fyrst sett upp.

## 2. GÖGN

### 2.1 Jarðfræði

Sá jarðfræðigrunnur sem líkanið byggir á og varðar Skjálfandafljót er frá árinu 1992. Gerð er grein fyrir honum í eldri skýrslum (Verkfræðistofan Vatnaskil 1993), og verður það ekki endurtekið hér. Stærstu breytingar sem orðið hafa á upprunalegum jarðfræðigrunni líkansins eru á svæðinu umhverfis Mývatn og voru gerðar í tengslum við grunnvatnslíkan af vatnasviði Mývatns (Verkfræðistofan Vatnaskil 1999). Þær breytingar náðu meðal annars til Krákárbotna-svæðisins, en það er í næsta nágrenni Suðurár sem þessi athugun tekur til, og hafa því áhrif þar.

Í mjög grófum dráttum má lýsa jarðfræðinni á svæði Skjálfandafljóts þannig að lek jarðlög þekja stóran hluta vatnasviða Jökulsár á Fjöllum og Skjálfandafljóts, en þau vatnasvið liggja saman á hrauna- og móbergssvæðum Ódádahrauns. Fellur mikið lindavatn til ána beggja. Á þessu svæði er lekt jarðlaga mest. Vestan fljótsins eru jarðlög mun þéttari og eðli málsins samkvæmt er grunnvatn þar mun minna en austan fljótsins. Þar sem stór hluti svæðisins liggur innan virka gosbeltisins norðan Vatnajökuls hefur það í för með sér að meginmisleitnistefnan á svæðinu er nánast hrein norður-suður stefna.

Mikill hluti lindavatns, sem til Mývatns fellur, er sennilega runninn sunnan að eftir sprunguskörum. Svipað vatn virðist koma fram í Krákárbotnum (samkvæmt efnainnihaldi), en nokkuð öðruvísi vatn kemur í Suðurárbotnum og sumum lindavötnum, sem falla til Skjálfandafljóts. Klóríð í því vatni er 1,6 - 2 ppm og er það sennilega mest komið af hraunum vestan Dyngjufjalla en þó einnig hugsanlega allt innan undan Vatnajökli, því að svipað vatn finnst inni í Hraunár- og Öxnadalsárdrögum, en Hrauná og Öxnadalsá renna báðar í Skjálfandafljót og mynda ásamt Suðurá grunninn í grunnvatnsrennsli fljótsins. Hlutfallslega mikið rennsli Hraunár og Öxnadalsár verður ekki skýrt í líkaninu nema til komi grunnvatnsrennsli sem á upptök sín í norðvestur horni Vatnajökuls.

## 2.1 Veðurgögn

Í áðurnefndri skýrslu Vatnaskila frá 1993 er fjallað um öll tiltæk veðurgögn innan líkansvæðisins. Þar er gerð grein fyrir þeim veðurstöðvum sem eru innan svæðisins og hversu lengi þær hafa starfað. Alls eru stöðvarnar 12, en einungis ein þeirra, Reykjahlíð við Mývatn (sjá mynd 1) hefur verið starfrækt frá því fyrir árið 1950. Einungis ein stöð, Mýri í Bárðardal, er inni í á þeim hluta líkansvæðisins sem hér er til skoðunar en hún hefur verið starfrækt frá árinu 1957. Sjálfvirka veðurathugunarstöðin á Sandbúðum á Sprengisandi er við suðurenda líkansvæðisins þar sem eru vatnaskil Efri – Þjórsár og Skjálfandafljóts. Það var utan ramma þessa verks að endurkoða það veðurlíkan sem notað er á svæðinu. Hér er því á sama hátt og áður eingöngu notuð dagleg veðurgögn frá Reykjahlíð við líkangerðina. Notaður er fastur hitastigull fyrir hvern hálfan mánuð til að ákvarða hitastig á hinum ýmsu hlutsvæðum líkansins. (Hitastigullinn er þó háður því hvort úrkoma er eður ei). Þetta hitastigslíkan er frábrugðið þeim sem þróuð hafa verið fyrir önnur svæði á undanförunum árum (Þjórsár – Tungnaásvæðið, Blanda) þar sem byggt er á daglegu sambandi hitastigs milli sjálfvirkra stöðva innan svæðanna og annarra stöðva með langa tímaröð veðurathugana. (Verkfræðistofan Vatnaskil 1999 og 2000). Mæld úrkoma í Reykjahlíð dreifist í réttu hlutfalli við áætlaða meðalúrkomu á svæðinu, sem metin er útfrá mældri meðalúrkomu á öllum stöðvum innan líkansvæðisins.

## 2.2 Jöklamælingar

Eins og áður er fram komið eru notaðar niðurstöður íssjármælinga Raunvísindastofnunar Háskólans við ákvörðun vatnasviðs á jöklum, alveg frá Brúarjökli í austri að Köldukvíslarjökli í vestri. Slík gögn eru ekki tiltæk fyrir Tungnafellsjökul og er vatnasviðið því metið þar eftir AMS kortum í kvarða 1:50.000.

Í skýrslum Vatnaskila frá 1993 og 1995 er gerð ítarleg grein fyrir ákvörðun á úrkomudreifingu á jöklum og hvernig bráðnun breytist á jöklum frá austri til vesturs. Einungis lítill hluti af jökulvatnasviði kemur beint við sögu varðandi rennsli Skjálfandafljóts. Innan skilgreinds yfirborðsvatnasviðs Skjálfandafljóts við Aldeyjarfoss eru einungis 122 km<sup>2</sup> taldir vera á jökli. Vissulega hefur Dyngjujökull í það minnsta óbein áhrif á rennsli Skjálfandafljóts, en langstærstur hluti af leysingu jökulsins skilar sér í gegnum grunnvatnskerfið í árnar og þá að mestum hluta væntanlega í Jökulsá á Fjöllum. Í tengslum við þessa líkangerð var gerður lauslegur samanburður á mældri og reiknaðri afkomu á Dyngjujökli, en þau gögn voru ekki tiltæk á fyrri stigum líkangerðarinnar. Sá samanburður virðist benda til ósamræmis í mældu grunnvatnsrennsli við Upptyppinga og þeirri jökulleysingu sem sýnileg er samkvæmt afkomumælingum. Þann þátt þarf að gaumgæfa vel þegar kemur að frekari þróun líkansins varðandi Jökulsá á Fjöllum.

## 2.3 Rennslismælingar

Á þeim hluta líkansvæðisins sem hér er aðallega til skoðunar eru þrjár síritandi vatnshæðarmælar, við Godafoss, Aldeyjarfoss og í Svartá við Ullarfoss (myndir 1 og 2). Einnig hafa verið gerðar kerfisbundnar stakar rennslismælingar í Skjálfandafljóti og hliðarám þess (mynd 2). Allar þessar mælingar, síritandi jafnt sem aðrar, voru sérstaklega yfirfarnar og endurreiknaðar af Vatnamælingum Orkustofnunar í tengslum við líkangerðina.

Efri síritandi vatnshæðarmælir í Skjálfandafljóti, vhm238, er nærri Aldeyjarfossi (sjá mynd 1 og 2). Fyrirliggjandi gögn úr honum spanna tímabilið 1987 – 1999 (Orkustofnun Vatnamælingar 2001). Gögnin mynda heila tímaröð frá 1. september 1987 og fram á haust 1999. Mælt meðalrennsli Skjálfandafljóts við Aldeyjarfoss er  $50 \text{ m}^3/\text{s}$  umrætt tímabil og miðað við skilgreint yfirborðsvatnasvið er afrennsli  $34 \text{ l/s/km}^2$  að meðaltali. Eftirfarandi texti er úr skýrslu frá Vatnamælingum Orkustofnunar um vatnshæðarmælinn (Páll Jónsson, Árni Snorrason, Ragnhildur Freysteinsdóttir 2000.)

“Vatnshæðarmælir 238 er í Skjálfandafljóti, u.þ.b. 1 km neðan Aldeyjarfoss. Mælirinn var settur upp 18. júlí 1987 og er loftbólumælir af gerðinni A-Ott. Hann er staðsettur á vinstri bakka fljótsins og fer loftslangan út í hyl í ánni. Lindavatn streymir út í hylinn úr sprungum á hægri bakka árinna og heldur það hylnum yfirleitt íslausum. Þetta hefur í för með sér að mælirinn truflast nánast aldrei af ís.

Fram til 30. mars 1989 var allmikið um það að sandur legðist yfir rörendann og truflaði vatnshæðarmælinguna, en þann dag var rörið lengt, þannig að það nær nú lengra út í hylinn, og hefur það þau áhrif að síðan hefur mælirinn nánast ekkert truflast af sandi.

Þann 2. ágúst 1997 var sett nýtt fastmerki (FM) við mælinn, en áður höfðu vatnshæðir miðast við hæð tiltekinnar rörafestu. Fallmælt var á milli fastmerkisins og þriggja festa, sem oftast er mælt af niður í vatnsborð.

Öll gögn frá upphafi mælisins fram til loka ársins 1997 voru endurskoðuð. Við endurskoðun var miðað við að reyna að brúa öll tímabil þar sem gögn vatnaði eða voru röng af einhverjum ástæðum. Þetta eru fyrst og fremst tímabil þar sem skráð vatnshæð er ekki rennslisgæf, annað hvort vegna truflunar af völdum íss eða sands. Einnig getur verið um að ræða bilun í mælinum, svo sem klukkustopp, pappírslausi eða að penni skrifi ekki.

Gögnin úr vatnshæðarmæli 238 eru yfirleitt mjög góð og heimtur gagnanna á tímabilinu 1987-1997 hafa verið mjög góðar. Fram að apríl 1989 var nokkuð um að sandur truflaði mælingarnar, en ekki er erfitt að áætla rétta rennslisgæfa vatnshæð á þessu tímabili út frá gögnunum. Ístruflanir eru sjaldgæfar og aldrei miklar eða langvarandi. Þetta veldur því að oft er mjög erfitt að átta sig á hvort vatnshæðaraukning er af völdum íss eða af eðlilegum ástæðum. Helst er um ístruflun að ræða í desember og janúar, en einnig eru nokkuð algengar skammvinnar ístruflanir í nóvember, meðan ána er að leggja á hálendinu. Mjög sjaldgæft er að ístruflanir verði í mars og apríl. Mælirinn hefur nánast ekkert bilað á tímabilinu. Þó var hann pappírslaus í 14 daga í nóvember 1991 og vandræði voru með pennann á árinu 1993.” (Tilvitnun lýkur.)

Rétt neðan Aldeyjarfoss sameinast Svartá Skjálfandafljóti (mynd 2). Efri hluti Svartár nefnist Suðurá og nánast allt vatn sem mælist við Ullarfoss í Svartá er komið í efri hluta árinna (Suðarárhlutann). Svartá á sér í raun ekkert skilgreint vatnasvið þar sem yfirgnæfandi hluti rennslisins er grunnvatn sem kemur í ána úr hraunum vestan Dyngjufjalla en jafnframt að einhverju leyti alla leið frá jökli. Í Svartá við Ullarfoss hefur verið starfræktur vatnshæðarsíriti, vhm116, frá árinu 1965. Gögnin mynda heila tímaröð dagsgilda fram til 1979 og svo eftir 1985. Á milli 1979 og 1985 eru töluverðar gloppur í göngum. Mælt meðalrennsli Svartár 1987 til 1999 eru  $20 \text{ m}^3/\text{s}$ .

Eftirfarandi texti um vatnshæðarmælinn í Svartá er eftir Pál Jónsson á Vatnamælingum Orkustofnunar.

“Síritandi vatnshæðarmælir var settur upp í Svartá í Bárðardal við Ullarfossbrú, þann 17. ágúst 1965 og var það hefðbundinn brunnmælir. Gögnin úr þessum mæli voru endurskoðuð árið 2000. Rekstur þessa mælis var mjög erfiður. Rörið var oft stíflað af sandi og var samband brunns við ána þá tregt. Ístruflanir voru mjög miklar við mælinn og einnig fraus iðulega í brunnum. Einnig voru tímabil þar sem vandræði voru með skrif pennans. Þetta ástand varði allan tímann sem þessi mælir var rekinn eða fram til 1985 og er tímabilið frá nóvember til apríl á hverju vatnsári því með brúuðum rennslisgögnum. Yfirleitt var frekar auðvelt að framkvæma þessa brúun þar sem breytileikinn í rennslinu er ekki mjög mikill yfir vetrartímann, enda er Svartá í Bárðardal dæmigerð lindaá. Ástand gagnanna fór þó versnandi eftir því sem á leið og eftir 1980 reyndist ekki mögulegt að brúa í öll göt í rennslisröðinni, þannig að fyrir árin 1980-1985 er ekki til ársmeðalrennsli og árið 1982 eru engin nothæf gögn.

Að lokum var ákveðið að færa mælinn og var það gert 7. júlí 1985. Var hann færður u.þ.b. 100 metrum ofar með ánni neðst í grunnum hyl og rennur áin út úr hylnum yfir stórgrýti, þannig að ráðandi þversnið lítur vel út. Þó er greinilegt að rennslislykillinn fyrir mælinn er ekki alveg stöðugur, líklega vegna mikils sandflutnings í ánni og virðist sem sandurinn setjist fyrir í hylnum og breyti þannig sambandi vatnshæðar og rennslis.

Í fyrstu var rennslismælt við nýja mælinn, eða skammt ofan hans, ýmist vaðandi eða á báti, en síðar fannst góður mælistaður u.þ.b. 1 km ofan vatnshæðarmælisins og frá 1990 hefur nær eingöngu verið rennslismælt þar. Áin er nokkuð breið á þeim stað og hefur reynst mögulegt að vaðmæla ána alltaf þar eftir 1990. Breytingarnar á rennslislyklinum sem minnst er á hér fyrir ofan eru svo tíðar að þegar rennslislykill fyrir mælinn var gerður í tengslum við endurskoðun gagnanna var ákveðið að gera einn rennslislykil fyrir allt tímabilið, þó að frávikin gætu verið all mikil á stundum. Verður þá að líta svo á að þessi lykill sé einhvers konar meðallykill fyrir tímabilið, en ljóst er að þetta eykur nokkuð óvissuna í rennslinu. Gerð er grein fyrir gerð rennslislykla fyrir gamla og nýja mælinn í skýrslum Orkustofnunar nr. OS-99068 (Ragnhildur Freysteinsdóttir, 1999: Svartá í Bárðardal, vhm 116. Rennslislykill nr. 4) og nr. OS-99071 (Ragnhildur Freysteinsdóttir, 1999: Svartá í Bárðardal, vhm 116. Rennslislykill nr. 5).

Ástand nýja mælisins er miklu betra en þess gamla og kom einmitt í ljós að ýmsir atburðir sem vara ekki mjög lengi urðu sýnilegir í gögnum nýja mælisins en sáust aldrei í þeim gamla, svo sem þurrðir, mjög snögg flóð og vindatburðir. Auðvelt reyndist að brúa í öll göt í gögnum frá nýja mælinum þó að nokkuð mikið sé um ístruflanir, því að mælirinn frýs nánast aldrei, eins og sá eldri gerði. Einnig nær áin yfirleitt að éta af sér ísinn reglulega og verður hún þá ótrufluð um eitthvert skeið. Þannig má segja að rekstur nýja mælisins hafi gengið mjög vel og það eina sem veldur áhyggjum er breytileikinn í rennslislyklinum, en reynt er að fylgjast með þeim breytingum með tíðari rennslismælingum. Gerð verður grein fyrir endurskoðun rennslisgagna fyrir Svartá í Bárðardal í skýrslu Orkustofnunar nr. OS-2001/014 (Páll Jónsson, Árni Snorrason, Ásgeir Gunnarsson, 2001: Rennslisgögn úr vatnshæðarmæli 116 í Svartá í Bárðardal. Árin 1965-1997).” (Tilvitnun lýkur.)

Frá árinu 1949 hefur verið starfræktur vatnshæðarsíriti við Godafoss, vhm050 (mynd 1). Gögnin mynda heila tímaröð dagsmeðalrennslis tímabilið 1950 til 1968 og einnig frá 1988 fram á haustið 1998. Árabilið 1969 til 1987 eru töluverðar gloppur í gögnunum einkum frá seinni hluta sumars og fram að næsta vori.

Eftirfarandi texti um vatnshæðarmælinn við Goðafoss er eftir Pál Jónson á Vatnamælingum Orkustofnunar.

”Kvarði var settur upp í Skjálfandafljóti við Fljótsbakka, þann 19. ágúst 1949 og var lesið á hann daglega. Þann 5. október 1955 var reistur brunnmælir við Fosshól á hægri bakka Skjálfandafljóts nokkuð ofan við brú. Þessi brunnur var steypdur og eins og almennt var um slíka brunna þá reyndist hann illa vegna þess að mjög oft fraus í honum og var lengi að fara úr frostið. Gögn úr þessum brunni hafa ekki verið endurskoðuð í þessari umferð endurskoðunar gagna úr vhm50.

Núverandi síriti var reistur 23. ágúst 1969 og er það loftbólumælir á vinstri bakka árinna við gömlu brúna yfir Skjálfandafljót við Fosshól. Gögnin úr þessum mæli voru endurskoðuð fyrir tímabilið 1969-1997 og verður gerð grein fyrir endurskoðuninni í skýrslu nr. OS-2001/019 (Bjarni Kristinsson, Ásgeir Gunnarsson, Páll Jónsson, 2001: Rennslisgögn úr vatnshæðarmæli 50 í Skjálfandafljóti við Goðafoss. Árin 1969-1997). Þessi loftbólumælir er einn af elstu loftbólumælum í rekstri hjá Vatnamælingum og var rekstur hans nokkuð erfiður fyrstu tíu árin. Var þar um ýmsar bilanir að ræða, svo sem gasleysi, klukkustopp, bilaðan penna eða stirðan gang mótors. Gögnin eru því afskaplega götött þessi ár og sérstaklega er ástandið slæmt á árunum 1972-1976. Eftir 1987 eru gögnin hinsvegar mjög heilleg, auk þess sem hægt var að nota vhm238 við Aldeyjarfoss til að brúa í götin.

Mælirinn er í fremur djúpum hyl og er oft mikið sog í hylnum sem veldur því að stundum getur verið erfitt að skilgreina vatnshæðina nógu vel, einkum þegar rennslið er mikið. Í vorflóðunum 1995, sem eru mestu flóð við mælinn frá því mælingar hófust, voru átökin svo mikil við mælinn að mælirörrið losnaði, þegar þrjár neðstu festingar brustu. Þetta uppgötvaðist í júlí sama sumar, þegar rennslismælt var og mælingin féll mjög langt frá rennslislykli. Var rörið fest aftur þann 19. nóvember 1995, þegar rennsli hafði minnkað nægilega til að hægt var að athafna sig við rörendann. Gögnin á tímabilinu frá 14. júní til 19. nóvember 1995 eru því áætluð.

Ístruflanir eru nokkuð miklar við mælinn þar sem ís þrengir að farveginum neðan hylsins og einnig leggst oft mikill snjór yfir mælistaðinn í gljúfrinu. Skjálfandafljót rennur í tveimur kvíslum við Fosshól og er vatnshæðarmælirinn í annari kvíslinni sem ber nafn Skjálfandafljóts, en hin kvíslin er Hróteyjarkvísl. Rennslið er hins vegar mælt á kláfi við Hriflu, neðan staðarins þar sem kvíslarnar koma aftur saman og er rennslislykillinn því gerður fyrir rennslið í báðum kvíslum. Á veturna gerist það alloft að Hróteyjarkvíslin stíflast og rennur þá allt vatnið framhjá mælinum. Þetta getur oft verið mjög erfitt að sjá á línuritinu og má því gera ráð fyrir að stundum sé rennsli Skjálfandafljóts ofmetið þegar Hróteyjarkvísl er stífluð. Þrepahlaup verða í Skjálfandafljóti og eru nokkur dæmi þess að Hróteyjarkvísl hafi stíflast í kjölfar þeirra og sést þá á línuritinu að vatnshæðin við mælinn er of há eftir þrepahlaupið í samanburði við það sem hún var fyrir.

Rennslislykillinn er góður, en hann byggir eingöngu á mælingum frá kláfinum við Hriflu. Áður en hann var reistur var rennslismælt á báti við Halldórsstaði, miklu ofar í ánni og við samanburð á þeim mælingum við kláfamælingarnar kom í ljós að þær voru miklu ónákvæmari, þar sem erfitt var að meta írennslið úr ám og lækjum sem renna í Skjálfandafljót milli bátamælistaðar og vatnshæðarmælis. Um rennslislykilinn og gerð hans má lesa í skýrslu Orkustofnunar nr. OS-99067 (Ragnhildur Freysteinsdóttir, 1999: Skjálfandafljót, Goðafoss, vhm 50; Rennslislykill nr. 5).” (Tilvitnun lýkur.)

Mælt meðalrennsli við Goðafoss tímabilið 1987-1998, sem er nokkurn veginn það sama og mælitímabilið við Aldeyjarfoss, er  $93 \text{ m}^3/\text{s}$ . Rennslið neðan Aldeyjarfoss mælist því að meðaltali um  $43 \text{ m}^3/\text{s}$ . Skilgreint vatnasvið milli Aldeyjarfoss og Goðafoss eru  $680 \text{ km}^2$  þar af eru vatnasvið Mjóadalsár ríflega  $360 \text{ km}^2$ . Afrennslið neðan Aldeyjarfoss er samkvæmt þessu  $63 \text{ l/s/km}^2$ , sem er tvöfalt herra en ofan Aldeyjarfoss miðað við skilgreint vatnasvið þar. Eins og áður er komið fram er meðalrennsli Svartár um  $20 \text{ m}^3/\text{s}$ , sé það rennsli tekið frá er afrennslið milli Aldeyjarfoss og Goðafoss  $33 \text{ l/s/km}^2$  eða svipað og ofan Aldeyjarfoss.

Eins og fram kom í upphafi kaflans hafa á undanförunum misserum verið gerðar kerfisbundnar stakar rennismælingar á vatnasviði Skjálfandafljóts (mynd 2), jafnframt sem eldri stakar mælingar voru yfirfarnar og endurreiknaðar. Megintilgangurinn með stökum mælingum er að afla vitneskju um rennisskiptingu grunnrennslis í Skjálfandafljóti og þá einkum og sér í lagi ofan Aldeyjarfoss. Þessar stöku rennismælingar eru líkaninu mjög mikilvægar þar sem þær stemma af rennisskiptinguna sem fram kemur í líkaninu, og eru þar með mjög þýðingarmiklar við ákvörðun á skiptingu rennslis milli mögulegra veituleiða varðandi hugsanlegar virkjunar. Í viðauka 1 er listi yfir allar stakar rennismælingar og staðsetningar þeirra.

### 3. REIKNILÍKAN

Reiknilíkanið er veður-rennislíkan sem tekur inn upplýsingar frá veðurstöðvum um úrkomu og hitastig, breytir því í úrkomu og hita á hinum ýmsum hlutsvæðum vatnasviðsins. Með líkaninu er reynt að líkja eftir úrkomuferlinu frá því hún fellur sem regn eða snjór á einhverjum stað og þar til hún hverfur aftur sem uppgufun eða skilar sér út í árnar sem rennsli. Hluti úrkomunnar verður í rennsli til grunnvatnsins og er þá lýst því flókna samspili sem þar er á milli, straumfræðilegum eiginleikum jarðlaganna, leka úr vötnum, uppkomu linda o.fl. Niðurstaðan er síðan reiknað rennsli (yfirborðsrennsli og grunnvatnsrennsli) og reiknuð grunnvatnshæð.

Í líkaninu er vatnasviðinu skipt upp í hlutsvæði. Á hverju hlutsvæði eru reiknuð sólarhringsgildi úrkomu út frá mældri úrkomu í Reykjahlíð og áætlaðri meðalúrkomu á hlutsvæðunum. Eins og vikið var að í kaflanum um veðurgögn er hitastig á hinum ýmsu hlutsvæðum reiknað út frá föstum hitastigum.

Við skiptingu vatnasviðsins í hlutsvæði er einkum tekið mið af nokkrum atriðum. Í fyrsta lagi er skipt eftir hæðarlínum yfirleitt á 100 metra bili. Í öðru lagi er skipt eftir veðurfari, því ekki er til dæmis einhlítt að úrkoma vaxi með hæð. Í þriðja lagi er skipt eftir jarðfræði og svo er einnig tekið tilliti til þeirra virkjanahugmynda sem uppi eru á svæðinu. Alls er vatnasviðinu skipt í 163 hlutsvæði.

### 4. AÐLÖGUN REIKNILÍKANS

Aðlögun reiknilíkansins að Skjálfandafljótssvæðinu fólst fyrst og fremst í því að fella líkanið að mældum rennisliröðum við Aldeyjarfoss, Ullarfoss og Goðafoss. Jafnframt sem þess var gætt að skipting reiknaða rennslisins væri í samræmi við niðurstöður stakra rennismælinga. Einkum á þetta við um svæðið ofan Aldeyjarfoss, en megináhersla á aðlögun líkansins var á vatnasvæðinu ofan hans svo og á vatnasvæði Mjóadalsár, en þar var reynt eftir fremsta megni að fá réttan vatnsjöfnuð fyrir Mjóadalsá út frá stökum mælingum og jafnframt sem rennsli Fnjóskár var haft til hliðsjónar. Meginatriðið í líkaninu varðandi gögnin frá Svartá og Goðafossi var að nota þau til að fá heildarvatnið á þeim stöðum rétt.



Áður en vikið er að beinum samanburði mælinga og reikninga á rennsli er á mynd 3 sýnd reiknuð úrkomudreifing eins og hún reiknast að meðaltali tímabilin 1950-1994 á vesturhluta svæðisins. Úrkomudreifingin á svæði Jökulsár á Fjöllum er ekki sýnd hér þar sem í henni er meiri óvissa, enda er það sá hluti líkansvæðisins sem langminnst hefur verið unnið við. Það eru einkum tvö atriði sem einkenna úrkomudreifinguna. Annarsvegar er hversu hratt úrkoman minnkar niður og norður Dyngjujökul miðað við úrkomuna á Bárðarbungusvæðinu. Hinsvegar er úrkomulægðin sem er í Bárðardalnum. Upp frá Bárðardalnum vex úrkoman bæði til austurs og vesturs, en sýnu meira í vesturátt. Það var nauðsynlegt til að ná áætluðu rennsli Mjóadalsár, svo og mældu rennsli við Goðafoss. Þegar komið er upp úr Bárðardalnum að austanverðu er reiknuð úrkoma um 600 mm/ári, en í Reykjahlíð við Mývatn er mæld úrkoma um 450 mm/ári. Í Ódáðahrauni er úrkoman mest á Trölladyngjusvæðinu.

Yfirlitsmyndir af reiknuðu grunnvatnsstreymi á líkansvæðinu er á mynd 4 og á mynd 5. Það sem fyrst og fremst einkennir grunnvatnsstreymið er þungur straumur að sunnan frá jöklum. Annarsvegar frá Dyngjujökli í átt að Jökulsá á Fjöllum og hins vegar frá Bárðarbungusvæðinu og jökulsvæðinu þar norður af til norðurs vestan Trölladyngju. Þessi straumur ásamt hluta af Trölladyngjusvæðinu fæðir að verulegu leyti Skjálfandafljótssvæðið, svo og að hluta til Suðurá og Kráká. Streymi frá Trölladyngju er þó í meira mæli til austurs og norðurs í átt að Mývatni. Eins og myndirnar sýna og vænta mátti er mun minna grunnvatnsstreymi vestan Skjálfandafljóts en af hrauna- og móbergssvæðum austan fljóts. Til að gefa ögn gleggri mynd af reiknuðu grunnvatnsstreymi norðan Vatnajökuls þá streyma rúmlega 50 m<sup>3</sup>/s að meðaltali yfir ímyndaða rönd framan við jaðar Dyngjujökuls í átt að Upptyppingasvæðinu. Eins og áður er vikið að bendir ýmislegt til að þetta sé meira magn en mæld leysing á Dyngjujökli stendur undir, en er hinsvegar nauðsynlegt til að fá jöfnuð mælds og reiknaðs rennslis við Upptyppinga. Það var utan ramma þessa verks að kanna þetta nánar en næsti þáttur í líkanvinnunni hlýtur að beinast að Jökulsá á Fjöllum. Yfir hliðstæða rönd framan við norðvestur kant jökulsins streyma um 8 m<sup>3</sup>/s að Skjálfandafljóti og Suðarársvæði. Norðan Trölladyngju milli Sandár og Jökulsár reiknast að streymi að meðaltali 35 m<sup>3</sup>/s og hliðstætt 40 m<sup>3</sup>/s yfir línu sem liggur austur vestur frá Krákárbotnasvæði að Jökulsá á Fjöllum.

Í töflu 1 er sýndur samanburður á reiknaðri rennslisskiptingu grunnvatns í Skjálfandafljóti við stakar rennslismælingar af svæðinu.

TAFLA 1 Samanburður reikninga við stakar rennismælingar

Dagsetning	Mælt m <sup>3</sup> /s	Reiknað m <sup>3</sup> /s	Mælistaður
11-ágú-71	5.3	4.5	Hraunkvísl +Rjúpnabrekkukvísl
11-ágú-82	5.4	6.0	Skjálfandafljót, Gæsavatnaleið
24-mar-85	5.5	5.6	Skjálfandafljót neðan Gjallanda
12-apr-86	5.4	5.0	Skjálfandafljót neðan Gjallanda
09-apr-90	5.1	4.8	Skjálfandafljót neðan Gjallanda
26-mar-94	5.2	5.2	Skjálfandafljót neðan Gjallanda
09-feb-88	9.8	11.3	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
13-apr-88	7.1	10.7	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
03-mar-89	10.9	11.7	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
07-apr-89	9.3	11.3	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
01-mar-90	9.8	12.0	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
07-mar-92	15.3	13.2	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
05-apr-92	12.3	12.9	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
26-feb-93	12.7	12.5	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
28-feb-93	9.9	12.5	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
18-feb-94	10.8	12.5	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
13-mar-97	10.8	13.7	Skjálfandafljót neðan Syðra Fljótsgils
26-júl-87	4.1	3.7	Öxnadalsá neðan ósa Stapár
28-ágú-91	3.3	4.7	Öxnadalsá neðan ósa Stapár
30-ágú-91	4.1	3.5	Hrauná við ós austan Skjálfandafl.

Fyrstu sex mælingarnar eru úr efsta dragi Skjálfandafljóts, Rjúpnabrekkukvíslinni (mynd 2). Í líkaninu eru þessar sex fyrstu mælingar allar túlkaðar eins og þær séu teknar við Gjallanda. Af þessum stöku mælingum sést að verulegt grunnvatn er komið í ána strax við jökulrætur, sem staðfestir að hluti jökulbráðnunarinnar kemur fram í gegnum grunnvatnskerfið. Næsti samanburðarstaður er við Syðra-Fljótsgil (mynd 2). Þar hefur grunnvatnspáttur árinna tvöfaldast miðað við Gjallandasvæðið. Síðustu þrjú gildin á töflunni eru samanburður mælinga og reikninga í Öxnadalsá og Hrauná. Í báðum tilfellum er um að ræða mælistaði í ánum niður við Skjálfandafljót. Af töflunni er ljóst að reiknilíkanið nær vel skiptingu grunnvatnsrennslis í efri hluta Skjálfandafljóts, sem er afar mikilvægt, þar sem innan þessa svæðis eru möguleg lónstæði í framtíðinni.

Í Skjálfandafljótið sjálft neðan Syðra Fljótsgils og ofan Aldeyjarfoss reiknast að komi um 6 m<sup>3</sup>/s af grunnvatnsrennslis að meðaltali. Það kemur að langstærstum hluta austan frá af hraunasvæðinu eins og myndir 4 og 5 sýna.

Á myndum 6 til 9 er sýndur samanburður á mældu og reiknuðu dagsmeðalrennslis fyrir mælistaðinn við Aldeyjarfoss. Öll megineinkenni mælda rennslisins koma fram í reiknuðu röðinni. Rennslid einkennist af tiltölulega stöðugu vetrarrennslis um það bil 25 m<sup>3</sup>/s að meðaltali og svo snörpum vorum og fyrri parts sumars leysingum. Ekki ber mikið á síðsumarsleysingum frá jökli, enda fer langmestur hluti hennar í gegnum grunnvatnskerfið. Í líkaninu fara um 85% af jöklaleysingunni í grunnvatnskerfið. Mælt meðalrennslis við Aldeyjarfoss tímabilið 1. september 1997 til 31. ágúst 1999 er 49,8 m<sup>3</sup>/s og samsvarandi reiknað meðaltal er 49,0 m<sup>3</sup>/s. Vatnsjöfnuður er um -1,5 % og reiknaða röðin skýrir ríflega 60% af breytileikanum í mældu röðinni. Tímabilið 1. september 1950 til 31. ágúst 1994 er reiknað meðalrennslis 44,5 m<sup>3</sup>/s. Á mynd 10 er samanburður á mánaðarrennslis við Aldeyjarfoss og á ársvatninu á mynd 11 og í töflu 2.

Það er einungis fyrir vatnsárið 1988 sem munur á mældu og reiknuðu vatnsársrennsli er yfir 15%. Að öðru leyti er samanburðurinn mjög ásætlanlegur. Meðal rennslisdreifingin innan ársins

er sýnd á mynd 12. Þar koma vel fram þau megin-einkenni sem voru tíunduð áður, þ.e. nokkuð stöðugt vetrarrennsli og svo snarpar vorleysingar.

**TAFLA 2 Vatnsársrennsli við Aldeyjarfoss**

Vatnsár	Mælt m <sup>3</sup> /s	Reiknað m <sup>3</sup> /s	Munur %
1987	44.3	44.9	1.4
1988	55.3	46.2	-16.5
1989	51.1	49.1	-3.8
1990	48.3	54.2	12.1
1991	51.5	49.1	-4.5
1992	54.1	50.7	-6.1
1993	45.0	46.5	3.3
1994	54.1	49.9	-7.9
1995	43.4	48.8	12.5
1996	47.0	50.0	6.4
1997	49.9	45.1	-9.6
1998	53.8	51.2	-4.9

Á myndum 13 og 14 er sýndur samanburður dagsmeðalrennslis í Svartá við Ullarfoss, en áin sameinast Skjálfandafljóti litlu neðan við Aldeyjarfoss. Á myndum 15 til 17 eru mánaðargildi rennslis borin saman. Í líkaninu er eingöngu gert ráð fyrir grunnvatnsrennsli til árinna, en það er mjög líklega nærri raunveruleikanum, því áin er aðallega fædd af lindum sem koma í Suðurá undan hraunum þar. Mæld gögn úr Svartá voru fyrst og fremst notuð til að ná réttum vatnsjöfnuði á ána og þar með einnig til að fá sem trúverðugusta mynd af úrkomudreifingunni á hraunasvæðinu milli jökla

og Mývatns. Gæði mældu gagnanna í Svartá svo og áreiðanleiki mældrar úrkomu í Reykjahlíð og tilgangur þessarar líkangerðar gefa ekki tilefni til nákvæmrar aðlögunar líkansins að

**TAFLA 3 Vatnsársrennsli í Svartá við Ullarfoss.**

Vatnsár	Mælt m <sup>3</sup> /s	Reiknað m <sup>3</sup> /s	Munur %
1965	17	19	11.2
1966	18	19	6.0
1967	19	20	5.8
1968	18	20	7.6
1969	18	20	12.3
1970	19	20	4.0
1971	19	20	3.7
1972	20	21	0.3
1973	21	20	-2.5
1974	21	20	-2.8
1975	20	19	-4.2
1976	18	19	4.4
